

Vegagerðin kt. 680269-2889, Borgartúni 5-7, annars vegar, og Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1 400 Ísafirði, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

## S A M N I N G

um skil á þjóðvegum á Suðureyri til Ísafjarðarbæjar. Um er að ræða Aðalgötu frá Sætúni og að húsi nr. 51 svo og Eyrargötu.

### 1. gr.

#### *Forsaga*

Með gildistöku vegalaga nr. 80/2007 var skilgreiningu stofnvega breytt og féllu þá rúmlega 50 km þjóðvega í þéttbýli ekki lengur undir þjóðvegakerfið. Með samningi þessum er endanlega gengið frá yfirfærslu Aðalgötu og Eyrargötu á Suðureyri úr þjóðvegakerfinu og yfir til Ísafjarðarbæjar þar sem þær verða sveitarfélagsvegir.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar*

Aðilar eru sammála um að leggja eftirfarandi skilgreiningar vegalaga til grundvallar í samningi sínum:

- *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.
- *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghald vegar.

### 3. gr.

#### *Skil á vegi*

Aðilar eru sammála um að með samningi þessum sé Aðalgötu og Eyrargötu, skilað til Ísafjarðarbæjar

Með samningi þessum er gengið frá endanlegri yfirfærslu vegarins og telst Ísafjarðarbær veghaldari hans frá og með 1. janúar 2019.

### 4. gr.

#### *Framkvæmdir vegna viðhalds og öryggisaðgerða*

Samningsaðilar eru sammála um að ástand gatna er samningur þessi tekur til sé viðunandi og gerir Ísafjarðarbær ekki kröfur á Vegagerðina um viðhaldsframkvæmdir. Vegagerðin greiðir Ísafjarðarbæ kr.2.000.000,- vegna aðgerða við hraðaminnkandi aðgerðir og annan frágang sem aðilar eru sammála um að ráðst þurfi í. þ.m.t. viðgerðir á kantsteinum og endurbætur vegna afvötnunar.

### 5. gr.

#### *Þjónusta*

Ísafjarðarbær annast þjónustu Aðalgötu og Eyrargötu, sbr. skilgreiningu í 2. gr., frá og með 1. janúar 2018 til ársloka 2019. Helstu verkþættir þjónustunnar eru:

**Vetrarþjónusta:** Nauðsynlegur snjómokstur og hálkuvarnir þar með talinn brottflutningur snjós ef nauðsynlegt er. Skal miðað við almenntar kröfur Vegagerðarinnar um snjómokstur og hálkuvarnir í því sambandi. Um vetrarþjónustu gilda og almennar snjómokstursreglur Vegagerðarinnar, sbr. vegalög nr. 80/2007.

**Almenn þjónusta:** Almenna þjónusta er m.a. merkingar, yfirborðsmerkingar, gatnahreinsun, niðurfallahreinsun, smáviðgerðir á slitlögum, viðhald skilta, og fegrun og snyrtingu á vegsvæði.

**6. gr.**  
**Kostnaður**

Vegagerðin greiðir Ísafjarðarbæ sem nemur 298.000,- m.vsk. fyrir almenna þjónustu á ári og 1.266.000,- án vsk. á ári fyrir vetrarþjónustu til ársloka 2019 vegna verkefna skv. 5. gr.

Öll opinber gjöld eru innifalin í framangreindri fjárhæð.

Kostnaður hvers árs verður greiddur í tvennu lagi, í júní, og desember. Hver greiðsla nemur helmingi heildarupphæðar.

**7. gr.**  
**Ýmis ákvæði**

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. janúar 2017 verði Aðalgata og Eyrargata sem áður töldust þjóðvegir en færðist í flokk sveitarfélagsvega við gildistöku nágildandi vegalaga nr. 80/2007, að fullu skilað til Ísafjarðarbæjar.

Endanlegt uppgjör milli aðila hvað þjónustu varðar verður í árslok 2019 og eiga aðilar að þeim tíma liðnum engar frekari kröfur hvor á annan.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Ísafirði, xx.xx.yyyy

f.h. Vegagerðarinnar

f.h. Ísafjarðarbæjar

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Kennitala

\_\_\_\_\_

Kennitala